



Matvælasjóður

Handbók 2023



EFNISYFIRLIT

Formáli.....	3
1 Almennar upplýsingar.....	3
1.1 Um Matvælasjóð	3
1.2 Stjórn	3
1.3 Fagráð	3
1.4 Sérfræðingar	3
1.5 Trúnaður og hæfisreglur.....	4
2 Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda	4
2.1 Styrkjaflokkar.....	4
2.2 Bára.....	4
2.3 Kelda	5
2.4 Afurð.....	5
2.5 Fjárjóður.....	6
3 Styrkhæfur kostnaður.....	6
3.1 Styrkhæfur kostnaður.....	6
3.1.1 Laun	6
3.1.2 Aðföng	7
3.1.3 Aðkeypt þjónusta.....	7
3.1.4 Ferðakostnaður	7
3.1.5 Samrekstur og aðstaða	7
3.2 Óstyrkhæfur kostnaður	7
3.2.1 Þættir sem eru óstyrkhæfir í öllum flokkum Matvælasjóðs.....	7
3.2.2 Þættir sem eru óstyrkhæfir í Báru til viðbótar þeim sem taldir eru upp í kafla 3.2.1.	8
3.2.3 Þættir sem eru óstyrkhæfir í Fjárjóði til viðbótar þeim sem taldir eru upp í kafla 3.2.1.	8
4 Umsóknir	8
4.1 Umsóknarform.....	8
4.2 Önnur gögn.....	8
4.3 Hvaða þarf að hafa í huga við umsókn	8
4.4 Ferli umsókna	9
4.5 Forskoðun	9
4.6 Mat fagráðs.....	9



4.7	Yfirferð stjórnar og ákvörðun um styrkveitingu	9
4.8	Samningur	9
4.9	Greiðslur til verkefna	10
4.10	Eftirfylgni	10
4.11	Eignarréttur og birting á niðurstöðum	10
5	Mat á umsóknum.....	10
5.1	Matsþættir.....	11
5.1.1	Staða verkefnis	11
5.1.2	Nýnæmi	11
5.1.3	Áhrif	12
5.1.4	Framkvæmd.....	13



Formáli

Markmið handbókarinnar er að auka gagnsæi ferlisins fyrir öll sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests, að styrkveitingu og utanumhaldi um veittan styrk. Í handbókinni eru ýmsar gagnlegar upplýsingar og til að handbókin standi undir hlutverki sínu eru öll sem koma að ferlinu, t.d. umsækjendur og fagráðsmenn hvött til að lesa hana í heild sinni.

1 Almennar upplýsingar

1.1 Um Matvælasjóð

Matvælasjóður var stofnaður með lögum nr. 31/2020.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Sjóðnum er einnig heimilt að styðja við vöruþróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum. Sjóðurinn fylgir eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (markmið 8, 9, 12, 13, 14, 15 og 17). Auk þess er tekið mið af stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Markmið sjóðsins er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna. Ráðstöfunarfé Matvælasjóðs samanstendur af fjárveitingu af fjárlögum hverju sinni.

Úthlutað er úr sjóðnum árlega og skal stjórn Matvælasjóðs auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Auglýsingar og frekari upplýsingar birtast á heimasíðu sjóðsins www.matvaelasjodur.is.

1.2 Stjórn

Matvælasjóður lýtur stjórn fjögurra einstaklinga sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nöfn stjórnarmanna er að finna á heimasíðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins mótar stefnu fyrir sjóðinn og ber undir ráðherra til samþykktar.

Stjórn sjóðsins starfar á grundvelli laga nr. 31/2020 um Matvælasjóð og starfsreglum sem stjórn hefur sett. Starfsreglum Matvælasjóðs er ætlað að auka gagnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð stjórnar sjóðsins. Stjórn Matvælasjóðs gerir tillögu um úthlutun styrkja og leggur fyrir matvælaráðherra til ákvörðunar.

1.3 Fagráð

Fagráð eru stjórn Matvælasjóðs til ráðgjafar um mat á umsóknum sem berast í sjóðinn. Stjórn sjóðsins skipar fagráð fyrir hvern styrktarflokk til fjögurra ára í senn og skulu þau skipuð allt að sjö einstaklingum hvert. Yfir hverju fagráði skal settur formaður sem er tengiliður við stjórnina.

Nöfn fagráðsaðila má finna á heimasíðu sjóðsins.

1.4 Sérfræðingar

Sérfræðingar matvælaráðuneytis veita upplýsingar um starfsemi sjóðsins. Tekið er við fyrirspurnum í gegnum tölvupóst á netfangið matvaelasjodur@mar.is.



1.5 Trúnaður og hæfisreglur

Stjórnarmenn, fagraðsmenn, sérfræðingar og aðrir sem koma að umsýslu umsókna í sjóðinn eru bundnir trúnaði. Farið er með allar umsóknir, fylgigögn þeirra og matsblöð sem trúnaðarmál. Að matsferli loknu skal varðveita umsókn og matsblöð í skjalasafni matvælaráðuneytis. Stjórn, fagrað og sérfræðingar eru meðvitaðir um að birting eða ólögmet nýting trúnaðarupplýsinga getur valdið eigendum þeirra tjóni.

Stjórn sjóðsins hefur sett hæfisreglur sem stjórnarmenn og fagraðsmenn hafa kynnt sér. Hæfisreglur sjóðsins er að finna á www.matvaelasjodur.is.

2 Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda

2.1 Styrkjaflokkar

Matvælasjóður samanstendur af fjórum flokkum, Báru, Keldu, Afurð og Fjár sjóði og hefur hver flokkur sína áherslu.

Yfirlit yfir flokka	Bára	Kelda	Afurð	Fjár sjóður
Fyrir hverja?	Einstaklinga og lögaðila með árlega veltu undir 300 m.kr.	Einstaklinga og lögaðila.	Einstaklinga og lögaðila.	Einstaklinga og lögaðila.
Tilgangur	Að kanna fýsileika, greina eða útfæra hugmynd tengda íslenskum matvælum og afurðum þeim tengdum.	Að afla nýrrar þekkingar sem stuðlar að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla og afurðum þeim tengdum.	Að þróa afurðir sem auka nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla og afurðum þeim tengdum.	Að styrkja markaðsinnviði og markaðssókn afurða tengdum íslenskum matvælum og afurðum þeim tengdum.
Hámarks tímalengd	6 mánuðir.	18 mánuðir.	18 mánuðir.	18 mánuðir.
Hámarksstyrkur	3 m.kr.	30 m.kr.	30 m.kr.	30 m.kr.
Mótframlag	Nei.	Að lágmarki 20% af heildarkostnaði verkefnis.	Að lágmarki 30% af heildarkostnaði verkefnis.	Að lágmarki 50% af heildarkostnaði verkefnis.

Flokkar Matvælasjóðs

Viðurkenndur kostnaður vegna verkþátta er skilgreindur í kafla þrjú hér á eftir.

2.2 Bára

Bára styrkir verkefni á hugmyndastigi. Nafngiftin tengist því að báran fleytir þér áfram og markmiðið er að styrkur úr Báru fleyti hugmynd yfir í verkefni. Málshátturinn „sjaldan er ein báran stök“ merkir að gæta þeirrar fyrirhyggju að maður þoli nokkur áföll og því þarf að undirbúa jarðveginn vel ef umsókn í Báru á að leiða til stærra verkefnis þar sem frumkvöðlar geta mætt ýmsum hindrunum.

Í Báru sækja einstaklingar og lögaðilar sem velta árlega undir 300 m.kr. sem vilja kanna fýsileika, greina eða útfæra hugmynd tengda íslenskum matvælum og afurðum þeim tengdum. Markmiðið er að gefa aðilum svigrúm til að greina og meta hvort hugmyndin sé fýsileg.



Dæmi um verkþætti sem eru styrkhæfir:

- Gerð viðskiptaáætlunar
- Hagkvæmnisathugun
- Tilraunir með hráefni
- Prófun aðferða
- Vinna við útfærslu hugmynda þ.m.t. aðkeypt þjónusta

Opinberir aðilar geta ekki verið aðalumsækjendur í Báru en geta verið meðumsækjendur. Sé um samstarfsverkefni að ræða skal hlutdeild aðalumsækjanda í heildarkostnaði verkefnis vera að lágmarki 30%. Þegar um samstarf er að ræða skal yfirlýsing um samstarf fylgja sem viðhengi og gert grein fyrir því í kafla um samstarf í umsókn. Ef greint er frá samstarfi og samstarfsyfirlýsing fylgir ekki með fellur umsókn á formkröfum.

Heimilt er að nýta allt að 20% af styrkuppþæð í gerð markaðskannana og/eða gerð markaðsáætlana.

2.3 Kelda

Kelda styrkir rannsóknaverkefni sem miða að því að skapa nýja þekkingu. Orðið kelda kemur úr forn norrænu og merkir uppspretta. Kelda er uppspretta nýrrar þekkingar. Styrkir eru veittir til að hægt sé að afla nýrrar þekkingar sem stuðlar að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla.

Skilyrði styrkjaflokksins er að rannsóknin tengist nýtingu á íslenskum matvælum, þannig getur verið um að ræða frumhráefni eða aukaafurðir sem til verða í framleiðsluferlinu.

Sé um samstarfsverkefni að ræða skal hlutdeild aðalumsækjanda í heildarkostnaði verkefnis vera að lágmarki 30%. Þegar um samstarf er að ræða skal yfirlýsing um samstarf fylgja sem viðhengi og gert grein fyrir því í kafla um samstarf í umsókn. Ef greint er frá samstarfi og samstarfsyfirlýsing fylgir ekki með fellur umsókn á formkröfum.

2.4 Afurð

Afurð styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi en eru ekki tilbúin til markaðssetningar. Styrkjaflokkurinn leiðir af sér afurð en afurð merkir það sem er framleitt í verkefninu. Afurðirnar eiga að auka nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. **Skilyrði flokksins er að verið sé að vinna með hráefni sem tengjast íslenskum matvælum, þannig getur verið um að ræða frumhráefni eða aukaafurðir sem til verða í framleiðsluferlinu.**

Kostnaður vegna markaðsinnviða getur numið allt að 30% af heildarkostnaði verkefnisins eins og hann er skilgreindur í umsókn. Markaðsinnviðir geta verið t.d. gerð markaðskannana, gerð markaðsáætlana og hönnun markaðsefnis.

Opinberir aðilar geta ekki verið aðalumsækjendur í Afurð en geta verið meðumsækjendur. Sé um samstarfsverkefni að ræða skal hlutdeild aðalumsækjanda í heildarkostnaði verkefnis vera að lágmarki 30%. Þegar um samstarf er að ræða skal yfirlýsing um samstarf fylgja sem viðhengi og gert grein fyrir því í kafla um samstarf í umsókn. Ef greint er frá samstarfi og samstarfsyfirlýsing fylgir ekki með fellur umsókn á formkröfum.



2.5 Fjársjóður

Fjársjóður er samansafn verðmætra hluta og markmið flokksins er að styrkja einstaklinga og lögaðila til að koma sínum verðmætum á framfæri og stuðla þannig að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla og afurðum þeim tengdum. Fjársjóður styrkir einstaklinga og lögaðila vegna sérstaks markaðsátaks en einnig uppbyggingu innviða þeirra sem tengjast sókn á markaði erlendis. **Skilyrði styrkjaflokksins er að varan sé unnin að meginhluta úr íslenskum hráefnum. Þannig getur varan eða þjónustan verið aukaafurð sem verður til við framleiðslu á matvælum úr landbúnaðar- eða sjávarafurðum.**

Opinberir aðilar geta ekki verið aðalumsækjendur í Báru en geta verið meðumsækjendur. Sé um samstarfsverkefni að ræða skal hlutdeild aðalumsækjanda í heildarkostnaði verkefnis vera að lágmarki 50%. Þegar um samstarf er að ræða skal yfirlýsing um samstarf fylgja sem viðhengi og gert grein fyrir því í kafla um samstarf í umsókn. Ef greint er frá samstarfi og samstarfsyfirlýsing fylgir ekki með fellur umsókn á formkröfum.

Dæmi um verkþætti sem eru samþykktir:

- Gerð markaðsáætlunar
- Hönnun, t.d. heimasíðu, vörumerkis, kynningarefnis
- Ráðgjöf í sölu- og markaðsmálum
- Ráðstefnur, sýningar eða fyrirlestrar með það að markmiði að tengjast söluaðilum eða neytendum

Kostnaður vegna rannsóknar- eða þróunarvinnu er ekki samþykktur í þessum styrkjaflokki, auk þess sem beinn kostnaður við birtingar auglýsinga er ekki styrkhæfur.

Athugið að þegar verið er að meta nýnæmi í Fjársjóði er verið að meta nýnæmi vörunnar sem verið er að markaðssetja og markaðssetningu með nýjum aðferðum. Til dæmis getur nýnæmi í Fjársjóði verið fólgið í sókn á nýja markaði eða markaðssetning á nýrri afurð.

3 Styrkhæfur kostnaður

Misjafnt er milli flokka hvaða kostnaður er styrkhæfur og eru umsækjendur beðnir um að kynna sér hvaða kostnaður er styrkhæfur í hverjum flokki fyrir sig. Leiki vafi á því hvort kostnaður sé styrkhæfur, er umsækjendum bent á að hafa samband við sérfræðinga sjóðsins.

Umsækjendur eru hvattir til að gera raunhæfa verk-, tíma- og kostnaðaráætlun þannig að hún standist að mestu leyti ef gengið er til samninga um verkefnið.

3.1 Styrkhæfur kostnaður

Sé ekki annað tekið fram, þá á lýsingin á því hvaða kostnaður er samþykktur við alla styrkjaflokka Matvælasjóðs. Óútskýrður kostnaður er ekki samþykktur.

3.1.1 Laun

Matvælasjóður styrkir launakostnað. Skilgreina skal í umsókn vinnuframlag allra þátttakenda sem sótt er um laun fyrir. Athuga skal að sjóðurinn styrkir ekki greiðslu launa til þeirra sem eru í fullu starfi í gegnum önnur úrræði stjórnvalda, líkt og t.d. ráðningarstyrk/nýsköpunarstyrk.

Umsækjendur og samstarfsaðilar skulu hafa til hliðsjónar almenna kjarasamninga og stofnanasamninga við útreikning launa. Launakostnaður miðast við heildarlaun og taka þarf tillit til launatengdra gjalda. Ekki er hægt að



nota útseldan taxta til viðmiðunar við útreikning launa. Bent er á viðmið Skattsins um reiknað endurgjald þegar reiknaður er launakostnaður verkefna.

Ef um samstarfsverkefni er að ræða er nauðsynlegt að tilgreina í umsókn vinnu hvers samstarfsaðila fyrir sig.

3.1.2 Aðföng

Hægt er að sækja um kostnað vegna nauðsynlegra aðfanga fyrir verkefnið. Gera þarf grein fyrir öllum rekstrarkostnaði og sundurliða kostnað í umsóknarformi. Gera þarf grein fyrir þeim aðföngum sem teljast nauðsynleg fyrir verkefnið og sundurliða vel í umsókn.

3.1.3 Aðkeypt þjónusta

Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila og hvað þjónustan kostar. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu og sundurliða í umsókn.

Aðkeypt þjónusta getur verið hönnun markaðsefnis, ráðgjöf við sölu-, markaðs- og þróunarstarf, framkvæmd markaðsathugana, gerð viðskiptaáætlana og svo framvegis.

3.1.4 Ferðakostnaður

Gerð skal grein fyrir áætluðum heildarkostnaði vegna ferða utanlands og innanlands. Rökstyðja þarf tilgang þeirra ferða sem áætlaðar eru í verkefninu sem sótt er um styrk til að vinna.

3.1.5 Samrekstur og aðstaða

Umbeðinn styrkur fyrir samrekstur og aðstöðu getur að hámarki numið 20% af heildarstyrk til verkefnis.

Um er að ræða kostnað vegna skrifstofu- og rannsóknaraðstöðu svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga, bóka- og tímaritakaup, rekstur á tölvubúnaði o.fl. Upphæðin fyrir samrekstur og aðstöðu skal vera innifalin í heildarupphæð sem sótt er um.

3.2 Óstyrkhæfur kostnaður

Misjafnt er milli flokka hvaða kostnaður er óstyrkhæfur og eru umsækjendur beðnir um að kynna sér hvað á við í hverjum flokki fyrir sig.

3.2.1 Þættir sem eru óstyrkhæfir í öllum flokkum Matvælasjóðs

- Framleiðsla söluvöru.
- Fjárfesting í hráefnum, tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Fjárfesting í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þess þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Gæðaúttekt/vottun á framleiðsluferli.
- Afborganir skulda, vaxtagjöld og lántökukostnaður.
- Virðisaukaskattur af kostnaði hjá umsækjendum með vsk. númer.
- Kostnaður vegna einkaleyfa.
- Stofnun fyrirtækis og kostnaður vegna starfsleyfis fyrirtækis.
- Kostnaður við birtingu auglýsinga.
- Kynning og framsetning afurða í verslunum.
- Afskriftir véla og tækja



3.2.2 Þættir sem eru óstyrkhæfir í Báru til viðbótar þeim sem taldir eru upp í kafla 3.2.1.

- Innleiðing á þjónustu og ferlum.
- Gerð markaðsefnis.
- Undirbúningur og kostnaður vegna funda, ráðstefna eða sýninga.
- Fjármögnun verkefnis, kostnaður vegna öflunar fjármagns til verkefnisins og skrif á styrkumsóknum.
- Námskeiðshald/að fara á námskeið.
- Kaup á tækjabúnaði/tækjum, þ.m.t. hugbúnaði.

3.2.3 Þættir sem eru óstyrkhæfir í Fjársjóði til viðbótar þeim sem taldir eru upp í kafla 3.2.1.

- Þróun vöru, þjónustu eða framleiðsluferils.
- Umbreyting eða aðlögun afurða fyrir ný markaðssvæði.

4 Umsóknir

4.1 Umsóknarform

Skila þarf inn umsókn í gegnum umsóknavef sjóðsins, afurd.is. Umsóknum sem skilað er eftir öðrum leiðum verða ekki teknar til efnislegar meðferðar. Rétt er að umsækjendur hugi að umfangi umfjöllunar sinnar og uppsetningu út frá vægi hlutaðeigandi þáttar í þeim flokki sem sótt er um.

Heimildir: Mikilvægt er að vitnað sé í heimildir þegar við á, til að mynda um stærð markaða, fyrri rannsóknir o.s.frv.

Leyfilegt er að senda inn viðhengi með umsókn. Vísa skal til viðhengis í umsókn, ásamt blaðsíðutali ef við á.

4.1.1.1 Fjárhagsáætlun

Í fjárhagsáætlun skal sundurliða kostnað, tekjur og fjármögnun á verkefni. Athugið að þetta á eingöngu við um verkefnið, þannig að ef fyrirtæki er í rekstri þá skal ekki taka núverandi tekjur inn. Ef gert er ráð fyrir að afurðin skapi tekjur á verkefnistíma skal geta þess í umsókn, en ekki er hægt að nýta tekjur sem móttframlag. Umsækjendur eru beðnir um að greina frá öðrum styrkjum sem verkefnið hefur fengið til þessa, auk þess að upplýsa ef sótt er um til sömu eða sambærilegra verkþátta í aðra sjóði. Móttframlag umsækjenda getur verið fólgið í vinnuframlagi, greiðslum til verkefnisins eða frá öðrum aðilum, t.d. samstarfsaðilum.

4.2 Önnur gögn

Leyfilegt er að skila inn öðrum gögnum með umsókninni s.s. skýrslum eða öðru sem styður við umsóknina. Ætlast er til að umsækjendur vísi í þau, t.d. blaðsíðutal, þegar við á og skýri á hvern hátt þau styðja við umsóknina. Í þeim tilfellum sem um samstarfsverkefni er að ræða skulu umsækjendur senda inn viljayfirlýsingu um samstarf frá verðandi samstarfsaðilum. Ef um samstarf er að ræða og samstarfsyfirlýsingu vantar sem fylgiskjal, fellur umsókn á formkröfum.

4.3 Hvaða þarf að hafa í huga við umsókn

Þegar sótt er um styrk í Matvælasjóð er mikilvægt að fara yfir þær kröfur sem gerðar eru til umsókna og sjá til þess að þær séu uppfylltar, til að umsóknin fái efnislega meðferð. Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga:




- Að verkefnið samræmist áherslum og stefnu Matvælasjóðs ásamt stefnu stjórnvalda hverju sinni, þ.e. hvort verkefnið sé styrkhæft.
- Að kostnaður sem sótt er um styrk fyrir, sé samþykktur kostnaður og hvort allir verkþættir séu styrkhæfir.
- Að formkröfur séu uppfylltar. Athuga skal að formkröfur eru mismunandi eftir umsóknarflokkum.

Komi upp spurningar á umsóknartíma eru umsækjendur hvattir til að hafa samband við Matvælasjóð í gegnum netfangið matvaelasjodur@mar.is.

4.4 Ferli umsókna

Að jafnaði er auglýst eftir umsóknum í febrúar ár hvert. Umsóknarfrestur er að jafnaði um 4 vikur.



Ferli frá opnun umsókna til lok verkefnis.

4.5 Forskoðun

Þegar umsóknarfrestur er liðinn gera sérfræðingar matvælaráðuneytisins forskoðun á umsóknum og skipta þeim niður á fagrád.

4.6 Mat fagráðs

Umsóknum er skipt niður á fagrád viðkomandi styrktarflokks þar sem þær fá yfirllestur og mat aðila í fagráði. Þegar allar umsóknir hafa verið metnar af fagráðum fá þær umsögn viðkomandi fagráðs.

4.7 Yfirferð stjórnar og ákvörðun um styrkveitingu

Formenn fagráða kynna fyrir stjórn niðurstöður á mati hvers fagráðs. Stjórn Matvælasjóðs gerir tillögu um úthlutun styrkja og leggur fyrir matvælaráðherra til ákvörðunar.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun, er umsækjendum svarað og tilkynning birt á vef sjóðsins.

4.8 Samningur

Gengið er til samninga við styrkþega þegar tilkynnt hefur verið um úthlutun úr sjóðnum. Sérfræðingar sjóðsins, ásamt starfsfólki á skrifstofu fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu halda utan um samningagerð fyrir hönd sjóðsins.



Styrkþegi fær send drög að samningi til yfirlestrar. Þegar samningur hefur verið staðfestur af báðum samningsaðilum er samningurinn undirritaður rafrænt.

Styrkþegar hafa heimild til nota merki Matvælasjóðs í birtingu á styrktaraðilum/textann: „Verkefnið var styrkt af Matvælasjóði, styrknúmer... ”, á ensku: „This work was supported by The Icelandic Food Innovation Fund, grant number...”.

4.9 Greiðslur til verkefna

Styrkir eru greiddir út í tvennu lagi, helmingur við upphaf verkefnisins og helmingur þegar verkefni/þeim verkhluta sem styrkurinn nær til er lokið og lokaskýrsla hefur verið staðfest. Athugið að það getur tekið allt að 14 virka daga fyrir greiðslu að berast eftir að samningur er undirritaður eða lokaskýrsla staðfest. Þegar lokaskýrsla hefur verið staðfest er verkefnisstjóra send tilkynning um það og að greiðsla verði innt af hendi.

Hefjist verkefni ekki innan eins árs frá úthlutun styrks fellur styrkveiting niður. Séu málefnalegar ástæður fyrir töfum er heimilt að veita frest í allt að sex mánuði. Óskað skal eftir fresti skriflega með rökstuðningi til sjóðsins.

4.10 Eftirfylgni

Lokaskýrsla skal veita greinargott yfirlit yfir framvindu verkefnisins, hindranir og hvata og lýsa vel niðurstöðum verkefnisins. Meðfylgjandi skal vera hreyfingalisti úr bókhaldi/sundurliðað kostnaðaruppgjör og afrit af reikningum vegna verkefnisins, ásamt yfirliti yfir framlög allra þátttakenda, þar með talið vinnuframlag. Greint skal einnig frá hvernig þátttakendur hyggjast nota niðurstöðurnar til frekari frampróunar. Með lokaskýrslu skal fylgja stuttur úrdráttur til opinberrar birtingar. Lokaskýrsluform má finna í umsóknakerfinu undir umsókn og þar er henni jafnframt skilað.

4.11 Eignarréttur og birting á niðurstöðum

Almenn regla er að eignar- og nýtingarréttur á niðurstöðum og afrakstri sé í samræmi við framlag hvers og eins. Viðtakendum framlaga sjóðsins ber eins og kostur er, að vernda eignar- og nýtingarrétt niðurstaðna. Sé stuðningur dreginn til baka vegna vanefnda, eignast sjóðurinn allar niðurstöður verkefnisins sem skilað hefur verið til hans og getur hann þá birt þær kvaðalaust. Sé um viðkvæmar upplýsingar að ræða geta styrkþegar óskað eftir því við stjórn, að birtingu á niðurstöðum sé frestað um allt að fimm ár. Þátttakendur í samstarfsverkefnum sem studd eru af sjóðnum skulu gera samning sín í milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum. **Athugið að í lokaskýrslu verkefna skal koma fram texti um niðurstöðu verkefnis sem setja má í almenna birtingu.**

5 Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum er horft til þeirra áherslupátta sem nefndir eru í stefnu sjóðsins. Jafnframt er horft til gæða verkefna, þ.e. markmiða og skipulags, hagnýtingargildi, verðmætasköpun o.fl.

Verkefni eru metin út frá fjórum flokkum, þ.e. staða verkefnis, nýnæmi, áhrifum og framkvæmd. Hér að neðan má sjá vægi einstakra þátta í mati á verkefnum.



Vægi flokka við mat umsókna

Flokkur	Bára	Kelda	Afurð	Fjár sjóður
Staða verkefnis	5%	5%	15%	10%
Nýnæmi	60%	60%	20%	5%
Áhrif	20%	20%	35%	45%
Framkvæmd	15%	15%	30%	40%

Þeir kaflar sem falla undir hvern flokk eru eftirfarandi:

- **Staða verkefnis:** Faglegur bakgrunnur, lýsing verkefnis og staða verkefnis.
- **Nýnæmi:** Nýnæmi, þörf, tækni/ferli og staða þekkingar.
- **Áhrif:** Fjárhagsleg markmið, almenn verðmætasköpun, samræmi við heimsmarkmið, samræmi við stefnu sjóðsins og stjórnvalda og markaður.
- **Framkvæmd:** Verkáætlun, kostnaðaráætlun, fjármögnun og samstarf.

5.1 Matsþættir

5.1.1 Staða verkefnis

Mikilvægt er að lýsa verkefni vel á þeim tíma sem umsókn er skrifuð. Við mat umsókna er lýsing verkefnisins mikilvægt auk þess sem lagt er mat á stöðu verkefnis og faglegan bakgrunn umsækjanda.

Staða verkefnis

Lítið framlag		Nokkurt framlag		Mikið framlag	
0	1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
Lýsing og staða verkefnis óskilgreint.	Lýsing og staða verkefnis illa skilgreint.	Lýsing og staða verkefnis ágætlega skilgreint.	Lýsing og staða verkefnis nokkuð vel skilgreint.	Lýsing og staða verkefnis vel skilgreint.	Lýsing og staða verkefnis skýr og mjög vel skilgreint.

5.1.2 Nýnæmi

Mikilvægt er að nýnæmi sé til staðar í verkefnum þar sem stuðla á að því að auka samkeppnishæfni íslenskrar matvælavinnslu. Lagt er mat á nýnæmi með því að meta hvort að verkefnið leiði til nýsköpunar, t.d. í vörum, nýtingu hráefna, ferlum, markaðssetningu og einnig hvort það leiði til nýrrar þekkingar. Athugið að þegar verið er að meta nýnæmi í Fjár sjóði er verið að meta nýnæmi vörunnar sem verið er að markaðssetja og markaðssetningu með nýjum aðferðum. Til dæmis getur nýnæmi í Fjár sjóði verið fólgið í sókn á nýja markaði eða markaðssetningu á nýrri afurð.



Nýnæmi – ferlar og aðferðir

Lítill breyting		Yfirfærsla á aðferðir eða ferlum		Uppbygging á nýrri aðferð eða ferlum	
0	1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
Engin breyting á aðferð eða ferlum.	Hagnýtir þekktu aðferð eða ferla með minniháttar breytingum.	Hagnýtir þekktu aðferð eða ferla á nýstárlegan hátt.	Leiðir til umbóta á þekktri aðferð eða ferlum.	Leiðir til verulegra umbóta á þekktri aðferð eða ferlum.	Verkefnið getur leitt til nýrrar aðferð eða ferla sem áður var óþekkt á viðkomandi sviði.

Nýnæmi – Framlag til þekkingar

Lítið framlag		Nokkurt framlag		Mikið framlag	
0	1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
Verkefnið bætir óverulegu við núverandi þekkingu á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar en hefur takmarkað hagnýtt gildi.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar en ólíklegt er að þekkingin leiði til umbóta á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og er grunnur að talsverðum umbótum á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og er grunnurinn að verulegum umbótum á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar sem er áður óþekkt á viðkomandi sviði.

5.1.3 Áhrif

Áhrif verkefnis eru metin út frá eftirtöldum liðum: Verðmætasköpunar af verkefninu, hagnýtingar á niðurstöðum, tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, stefnu sjóðsins og stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Í þessum matsþætti er horft til mögulegra áhrifa afurðar og hugsanlegra afleiddra tækifæra. Það skiptir miklu máli varðandi mat á verkefninum hversu vel umsækjandi setur fram og skilgreinir afurðir þess og verðmæti þar sem við á. Verðmætasköpun er skilgreind út frá þekkingaröflun og þeim verðmætum sem til verða í þjóðfélaginu, hvort sem varan er áþreifanleg vara eða almenn lausn samfélagslegra vandamála.

Í umsókn er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig staðið er að yfirfærslu þekkingar sem orðið hefur til við þróun afurðar. Mikilvægt er að gera grein fyrir stöðu þekkingar þegar verkefnið hefst og hvaða áhrif ný þekking hefur á samfélagslegar áskoranir samtímans.

Verðmætasköpun

Lítill verðmæti		Nokkur verðmæti		Mikil verðmæti	
0	1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
Mjög lítilla verðmæta að vænta af verkefni.	Lítilla verðmæta má vænta af verkefni. Bætur litlu við það sem þegar er þekkt.	Nokkurra verðmæta má vænta af verkefni. Þörf er lítil.	Talsverðra verðmæta má vænta af verkefni. Þörf lítil.	Mikilla verðmæta má vænta af afurð verkefnis. Þörf mikil.	Mjög mikilla verðmæta má vænta af afurð verkefnis. Þörf mikil.



Markaður - Geta og hæfni til að hagnýta niðurstöður

Litlar líkur á hagnýtingu		Nokkrar líkur á hagnýtingu		Miklar líkur á hagnýtingu	
0	1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
Fjárhagsleg geta og hæfni til að hagnýta niðurstöður á markaði er ekki til staðar.	Fjárhagsleg geta og hæfni til að hagnýta niðurstöður á markaði er lítið	Fjárhagsleg geta og hæfni til að hagnýta niðurstöður á markaði er ekki mikið en áætlun um hagnýtingu niðurstöðna á markaði liggur fyrir.	Fjárhagsleg geta og hæfni til að hagnýta niðurstöður á markaði er takmarkað en líklegt er að fyrirtæki geti hagnýtt niðurstöður á markaði.	Fyrirtæki sem mun hagnýta niðurstöður á markaði er samstarfsaðili í verkefninu og hefur einhverja fjárhagslega getu og hæfni til að hagnýta niðurstöður á markaði.	Fyrirtæki sem mun hagnýta niðurstöður á markaði er samstarfsaðili í verkefninu og hefur mikla fjárhagslega getu og hæfni til að hagnýta niðurstöður á markaði.

Tenging við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og stefnu sjóðsins og stjórnvalda

Ekki til staðar	Lítill tenging	Takmörkuð tenging	Talsverð tenging	Mikil tenging	Mjög mikil tenging
0	1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
Engin tenging við heimsmarkmið / stefnu sjóðsins.	Sagt er frá tengingu við heimsmarkmið/ stefnu sjóðsins en ekki útskýrt í hverju það felst.	Sagt er frá tengingu við heimsmarkmið/ við stefnu sjóðsins og útskýrt í hverju tengingin felst.	Verkefnið er með beina tengingu við heimsmarkmið/ stefnu sjóðsins. Mælikvarðar verkefnis tengjast ekki stefnunni.	Verkefnið er með beina tengingu við heimsmarkmið/ stefnu sjóðsins og mælikvarðar verkefnis tengjast óbeint heimsmarkmiðum/ stefnunni.	Verkefnið er með beina tengingu við heimsmarkmið/ stefnu sjóðsins og mælikvarðar verkefnis tengjast með beinum hætti heimsmarkmiðum/stefnunni.

5.1.4 Framkvæmd

Framkvæmd er metin í tveimur liðum þar sem verið er að meta hvort áætlun verkefnis sé raunhæf ásamt því er metið hvert gildi samstarfs í verkefninu sé. Leitast er við að meta líkur á að framkvæmd verkefnisins nái fram að ganga eins og aðstandendur verkefnisins hafa lýst því fyrir verkefnið í heild sinni.

Verk, tíma og kostnaðaráætlun

Óraunhæfar áætlanir		Frekar raunhæfar áætlanir		Raunhæfar áætlanir	
0	1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
Mjög litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og fjárhagsleg geta / hæfni skortir.	Litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og fjárhagslegri getu / hæfni töluvert ábótavant.	Nokkrar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum, fjárhagslegri getu og hæfni ábótavant.	Talsverðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur, fjárhagsleg geta og hæfni að mestu til staðar.	Góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur, fjárhagsleg geta og hæfni til staðar.	Mjög góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur, fjárhagsleg geta og hæfni til staðar.

Gildi samstarfs

Lítið gildi	Nokkurt gildi		Mikið gildi		
0	1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
Samstarf er ekki til staðar.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er lítið.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er nokkuð.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er talsvert.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er mikið.	Gildi samstarfs fyrir verkefnið og þátttakendur er mjög mikið.